

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/447****2021/EES/60/29****frá 12. mars 2021****um að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið frá 2021 til 2025 skv. 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 10. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB ⁽²⁾ voru ákvarðaðar 54 viðmiðanir sem liggja til grundvallar úthlutun án endurgjalds (hér á eftir nefndar viðmiðanir) og gildi fyrir þessar viðmiðanir á tímabilinu frá 2013 til 2020. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 ⁽³⁾ felldi ákvörðun 2011/278/ESB úr gildi frá og með 1. janúar 2021 og kom í hennar stað og í henni var mælt fyrir um eins upphafspunkta til að ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir uppfærslu á hverju viðmiðunargildi fyrir tímabilið frá 2021 til 2030.
- 2) Að því marki sem mögulegt var voru viðmiðunargildin 54 í ákvörðun 2011/278/ESB ákvörðuð á grundvelli gagna um skilvirkni í tengslum við gróðurhúsalofttegundir fyrir einstakar stöðvar, sem viðkomandi evrópsk atvinnugreinasamtök létu í té, með því að fylgja reglum sem framkvæmdastjórnin skilgreindi í leiðbeiningaskjali og svokölluðum „reglubókum fyrir atvinnugreinar“. Þar eð gagnaöflunin var valfrjáls náði gagnasafnið ekki yfir allar hlutaðeigandi stöðvar. Fjórtán vöruviðmiðunargildi byggðust á gögnum frá stöðvum þar sem ein vara er framleidd þar eð ekki var talið gerlegt innan þess tímaramma sem gefinn var að fastsetja losun fyrir einstakar vörur hjá hlutaðeigandi stöðvum sem framleiddu margs konar vörur. Vegna skorts á gögnum frá einstökum stöðvum byggðust 5 vöruviðmiðunargildi, sem og varma- og eldsneytisviðmiðunargildin, á upplýsingum úr tilvísunarskjölum um bestu aðgengilega tækni eða öðrum heimildum. Fjögur vöruviðmiðunargildi byggðust á öðrum vöruviðmiðunargildum til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir framleiðendur sömu eða svipaðra vara.
- 3) Endurskoðuð viðmiðunargildi skulu ákvörðuð á grundvelli sannprófaðra upplýsinga um skilvirkni í tengslum við gróðurhúsalofttegundir fyrir stöðvar sem gefnar eru upp skv. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir árin 2016 og 2017. Fyrir hverja viðmiðun skal reikna út meðalárangurinn hjá 10% af skilvirkustu stöðvunum á árunum 2016 og 2017. Á grundvelli samanburðar á þessum gildum og viðmiðunargildunum sem sett eru fram í ákvörðun 2011/278/ESB, sem byggðust á gögnum um árangur á árunum 2007 og 2008, er ákvarðað árlegt skerðingarhlutfall fyrir hverja viðmiðun fyrir 9 ára tímabilið frá 2007/2008 til 2016/2017. Síðan er þetta árlega skerðingarhlutfall notað til að reikna út, með framreikningi, samsvarandi skerðingar á viðmiðunargildunum fyrir 15 ára tímabilið frá 2007/2008 til 2022/2023. Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB ættu skerðingar, sem beitt er á 15 ára tímabilinu, ekki að vera undir 3% og ekki yfir 24%. Sértek ákvæði gilda um uppfærslu á viðmiðunargildum fyrir arómöt, vetni, tilbúið gas og heitan málm.
- 4) Aðildarríkin lögðu skrána yfir stöðvar, sem inniheldur upplýsingar sem skipta máli fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds, fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 30. september 2019 í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Til að tryggja að viðmiðunargildin byggist á réttum gögnum innti framkvæmdastjórnin af hendi ítarlegar athuganir á heilleika og samkvæmni gagna sem skipta máli fyrir úthlutun losunarheimilda án endurgjalds og notaði einnig

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2021, ESB L 87, 15.3.2021, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2003, ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stj. 2011, ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/331 frá 19. desember 2018 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stj. 2019, ESB L 59, 27.2.2019, bls. 8).

sjálfvirk tæki. Framkvæmdastjórnin bað hlutaðeigandi lögbær yfirvöld um nánari útlistanir og leiðréttingar eftir því sem við átti. Af þessu verklagi leiddi að framkvæmdastjórnin fékk nákvæmt, samræmt og samanburðarhæft gagnasafn um skilvirkni í tengslum við gróðurhúsalofttegundir fyrir allar staðbundnar stöðvar sem falla undir tilskipun 2003/87/EB. Þetta hágæðagagnasafn var notað til að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir tímabilið frá 2021 til 2025 fyrir hvert og eitt af viðmiðununum 54. Gögn frá öllum undirstöðvum sem féllu undir skilgreiningu fyrir tiltekna viðmiðun, eins og sett er fram í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331, voru notuð til að ákvarða meðalárangurinn hjá 10% af skilvirkustu stöðvunum á árunum 2016 og 2017 eins og ákvarðað var í 2. mgr 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og 11. forsendu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 ⁽⁴⁾.

- 5) Með 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB var fastsett að aðildarríkjum sé heimilt, með tilteknum skilyrðum, að útiloka stöðvar frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem hafa tilkynnt um losun undir 25 000 tonnum af koltvísýringsgildum og, ef þær stunda brennslustarfsemi, nafnvarmaafli þeirra er undir 35 MW, að undanskilinni losun frá lífmassa. Með 27. gr. a í tilskipun 2003/87/EB var fastsett að aðildarríkjum sé einnig heimilt að útiloka stöðvar frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem hafa tilkynnt um losun undir 2 500 tonnum af koltvísýringsgildum, án tillits til losunar frá lífmassa. Nokkur aðildarríki hafa ákveðið að útiloka stöðvar frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á tímabilinu frá 2021 til 2025 á grundvelli þessara ákvæða. Þessar stöðvar ættu ekki að teljast með þegar endurskoðuð viðmiðunargildi eru ákvörðuð.
- 6) Framseld reglugerð (ESB) 2019/331 inniheldur reglur til að ákvarða losun í undirstöðvum til að tryggja samræmda meðhöndlun á losun sem tengist innflutningi, útflutningi og innanhússframléiðslu á mælanlegum varma, úrgangslöfttegundum sem innihalda kolefni og fluttum koltvísýringi. Í þeim tilgangi voru viðkomandi losunarstuðlar ákvarðaðir með því að nota varma- og eldsneytisviðmiðunargildi sem voru síðan uppfærð með því að beita ákvörðuðu árlegu skerðingarhlutfalli. Að því er varðar varma, sem var fluttur inn, sem var með óþekkta eða ekki skýrt skilgreinda losunarstuðla og að því er varðar varma, sem var fluttur út, var notað gildi sem nemur 53,3 t koltvísýringsgilda/TJ. Þetta gildi fékkst með því að beita árlegu skerðingarhlutfalli sem nemur 1,6% á varmaviðmiðunargildið fyrir 9 ára tímabilið frá 2007/2008 til 2016/2017. Að því er varðar útflutning á úrgangslöfttegundum var gildi sem nemur 37,4 t koltvísýringsgilda/TJ dregið frá raunverulegum losunarstuðli úrgangslöfttegunda. Það gildi samsvarar losunarstuðli fyrir jarðgas (56,1 t koltvísýringsgilda/TJ), margfaldaður með stuðli sem nemur 0,667 þar sem tekið er tillit til mismunandi nýtni við notkun úrgangslöfttegunda og við notkun viðmiðunareldsneytisins jarðgass. Að því er varðar innflutning á úrgangslöfttegundum var notað gildi sem nemur 48,0 t koltvísýringsgilda/TJ. Þetta gildi fékkst með því að beita árlegu skerðingarhlutfalli sem nemur 1,6% á eldsneytisviðmiðunargildið fyrir 9 ára tímabilið frá 2007/2008 til 2016/2017.
- 7) Ef um er að ræða undirstöðvar sem flytja inn hálfunnar vörur og framléiðsla á þeim fellur undir kerfismörk viðkomandi vöruviðmiðunar og ef það var ekki gerlegt að ákvarða losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við framléiðslu á þessum hálfunnu vörum á grundvelli framlagðra gagna ætti skilvirkni hlutaðeigandi undirstöðva í tengslum við gróðurhúsalofttegundir ekki að teljast með þegar endurskoðuð viðmiðunargildi eru ákvörðuð. Þetta varðar uppfærslur á viðmiðunargildum fyrir afurðir frá hreinsunarstöðvum, heitan málm, sindrað, brennt dólómít, ammoníak, vetni og sóða. Ef um er að ræða undirstöðvar sem flytja út hálfunnar vörur og ef það var ekki gerlegt að ákvarða losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við síðari ferla á grundvelli framlagðra gagna ætti skilvirkni hlutaðeigandi undirstöðva í tengslum við gróðurhúsalofttegundir ekki að teljast með þegar endurskoðuð viðmiðunargildi eru ákvörðuð. Þetta varðar uppfærslur á viðmiðunargildum fyrir afurðir frá hreinsunarstöðvum og heitan málm.
- 8) Aðferðafræðin við að skipta losun niður á mismunandi undirstöðvar, sem er fastsett í framseldri reglugerð (ESB) 2019/331, getur leitt til neikvæðrar skilvirkni í tengslum við gróðurhúsalofttegundir í tilvikum þar sem varmi, sem er framléiddur með því að nota eldsneyti með lágan losunarstuðul, er fluttur út til annarra undirstöðva eða stöðva. Í slíkum tilvikum ætti að stilla skilvirkni í tengslum við gróðurhúsalofttegundir fyrir hlutaðeigandi undirstöðvar á núll í þeim tilgangi að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtúð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurskoðuðu viðmiðunargildin, sem eru tilgreind í viðaukanum, skulu gilda um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds fyrir tímabilið 2021 til 2025.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Viðmiðanir

Að því er varðar þennan viðauka gilda skilgreiningar á þeim vörum sem falla hér undir og á ferlum og losunum sem falla hér undir (kerfismörk) sem settar eru fram í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/331.

1. Vöruviðmiðanir án tillits til skiptanleika eldsneytis og raforku

Vöruviðmiðun	Meðalgildi 10% af skilvirkustu stöðvunum á árunum 2016 og 2017 (t koltvísyringsígilda/t)	Viðmiðunargildi (losunarheimildir/t) fyrir 2021–2025
Koks	0,144	0,217
Glætt málmgrýti	0,163	0,157
Heitur málmur	1,331	1,288
Forbökuð forskaut	0,317	0,312
Ál	1,484	1,464
Grátt sementsgjall	0,722	0,693
Hvítt sementsgjall	0,973	0,957
Kalk	0,746	0,725
Brennt dólómít	0,881	0,815
Sindrað, brennt dólómít	1,441	1,406
Flotgler	0,421	0,399
Flöskur og krukkur úr ólituðu gleri	0,323	0,290
Flöskur og krukkur úr lituðu gleri	0,265	0,237
Vörur úr samfelldum glertrefjum	0,290	0,309
Múrsteinar til klæðningar	0,094	0,106
Hellusteinar	0,140	0,146
Þaktígulsteinar	0,130	0,120
Úðapurrkað duft	0,050	0,058
Gifs	0,048	0,047
Þurrkað, endurunnið gifs	0,008	0,013
Kraftpappírsdeig með stuttum trefjum	0,000	0,091
Kraftpappírsdeig með löngum trefjum	0,001	0,046
Súlfítapappírsdeig, hitameðhöndlað og vélunnið pappírsdeig og vélunnið pappírsdeig	0,000	0,015
Endurheimt pappírsdeig	0,000	0,030
Dagblaðapappír	0,007	0,226
Óhúðaður gæðapappír	0,011	0,242
Húðaður gæðapappír	0,043	0,242

Vöruviðmiðun	Meðalgildi 10% af skilvirkustu stöðvunum á árunum 2016 og 2017 (t koltvísýringsígilda/t)	Viðmiðunargildi (losunarheimildir/t) fyrir 2021–2025
Pappírspurrkur	0,139	0,254
Testliner-pappi og bylgjupappír	0,071	0,188
Óhúðaður pappi	0,009	0,180
Húðaður pappi	0,011	0,207
Saltpéturssýra	0,038	0,230
Adipínsýra	0,32	2,12
Vínýlklóríðeinliður	0,171	0,155
Fenól/aseton	0,244	0,230
Pólývínýlklóríð í sviflausn (S-PVC)	0,073	0,066
Pólývínýlklóríð í ýrulausn (E-PVC)	0,103	0,181
Sódi	0,789	0,753

2. Vöruviðmiðanir með tilliti til skiptanleika eldsneytis og raforku

Vöruviðmiðun	Meðalgildi 10% af skilvirkustu stöðvunum á árunum 2016 og 2017 (t koltvísýringsígilda/t)	Viðmiðunargildi (losunarheimildir/t) fyrir 2021–2025
Afurðir frá hreinsunarstöðvum	0,0255	0,0228
Kolstál úr ljósbogaofnum	0,209	0,215
Stálblendi úr ljósbogaofnum	0,266	0,268
Járnsteypa	0,299	0,282
Steinull	0,595	0,536
Gifspötur	0,119	0,110
Kinrok	1,141	1,485
Ammoníak	1,604	1,570
Gufusundrun	0,693	0,681
Arómöt	0,0072	0,0228
Stýren	0,419	0,401
Vetni	4,09	6,84
Tilbúið gas	0,009	0,187
Etýlenoxíð/etýlenglykól	0,314	0,389

3. Varma- og eldsneytisviðmiðanir

Viðmiðun	Meðalgildi 10% af skilvirkustu stöðvunum á árunum 2016 og 2017 (t koltvísýringsgilda/TJ)	Viðmiðunargildi (losunarheimildir/TJ) fyrir 2021–2025
Varmaviðmiðun	1,6	47,3
Eldsneytisviðmiðun	34,3	42,6